

## Fréttabréfi fylgt úr hlaði Vettvangur frjórrar kennslumálaumræðu

Með þessu fyrsta tölublaði fréttabréfs Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands er opnaður vettvangur umræðu um kennslu og þróun kennsluhátta. Í umhverfi sem einkennist af vaxandi samkeppni, vaxandi aðsókn að háskólum og kröfu um skilvirkni og góða nýtingu fjármagns er háskóla-kennsla ört stækkandi rannsóknasvið. Hérlandis sem erlendis leita stjórnendur og starfsmenn mennta-stofnana leiða til að auka gæði, ná til fleira fólks og nýta nýja tækni.

Eins og fram kemur í leiðara þessa fréttabréfs endurspeglar vinna Kennslumiðstöðvar þessa þróun en í flestum háskólum hefur verið valin sú

leið að byggja upp miðlæga þjónustu til að styðja kennara í sínu starfi. Orð eru til alls fyrst og það er mikilvægt fyrir Háskóla Íslands að þar fari fram lífleg og frjó umræða um kennslumál, sem og aðra þætti í starfsemi stofnunarinnar. Í þessu fréttabréfi er hugmyndin að greina frá því sem er ofarlega á baugi í kennslumálaumræðunni hverju sinni og fjalla um nýbreytni- og þróunarverkefni, stór og smá. Allar ábendingar um efni eru vel þegnar og ekki síður greinar eða annað efni sem tilbúið er til birtingar. Stefnan er sett á útgáfu KEMST fréttabréfs einu sinni á ári. Þetta fyrsta tölublað hefur verið býsna

lengi í fæðingu og eru lesendur beðnir að hafa í huga að talsverður hluti efnisins í blaðinu var unninn á síðasta hausti. Ýmis atvik hafa hagað því þannig til að útgáfan hefur dregist. Það er von stjórnar og starfsfólks Kennslumiðstöðvar HÍ að þetta fréttabréf verði lóð á vogarskálar kennslumálaumræðunnar.


Kennslumiðstöð HÍ  
Íþróttahúsi, 2.hæð

101 Reykjavík

Sími: 525 5247

Fax: 525 4220

Slóð: [www.hi.is/page/kennslumidstod](http://www.hi.is/page/kennslumidstod)



## Námskeið

Kennslumiðstöð hefur staðið fyrir margvíslegum námskeiðum á undanförunum árum, bæði um kennslufræðileg efni og einnig um upplýsingatækni. Framboð á námskeiðum er stöðugt til endurskoðunar og leitast er við að verða við óskum sem allra flesta. Hér nýtur Hjalti Hugasón prófessor leiðsagnar Kristbjargar Olsen, verkefnastjóra hjá Kennslumiðstöð, við flutning glæruefnis á tölvutækt form.

## Ugla dafnar

Ekki þarf að fjölyrða um að Ugla Reiknistofnunar hefur haft mikil áhrif til aukinnar notkunar kennara á vefnum til miðlunar efnis og upplýsinga. Á síðasta haustmisseri var útgáfa 2.0 af kennsluvef Uglunnar í prófun hjá nokkrum kennurum en um áramót munu flestir kennarar hafa fært sig yfir í nýju útgáfuna. Áform eru uppi um frekari þróun kerfisins og munu þeir Ragnar Stefán Ragnarsson og Sigurður Pétursson verða lykilmenn í þeirri þróun en Ragnar Stefán hefur stjórnað uppbyggingu Uglunnar frá upphafi en Sigurður vann að forritun annarrar útgáfu hennar.



## Kennslumiðstöð til hvers?

Því skyldu háskólar heimsins vera að keppast við að koma sér upp kennslumiðstöðvum? Til hvers eru þessar miðstöðvar og hvaðan kemur hvatinn að stofnun þeirra? Í þessum pistli verður leitað svara við þessum spurningum og einnig vikið að nokkrum atriðum sem varða uppbyggingu kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands sérstaklega.

Í september fyrir rúmu ári spurði ég David Way frá kennslumiðstöð Cornell háskóla spurningarinnar - af hverju kennslumiðstöð? Way var gestur kennslumálaþings og svaraði á þessa leið. "Það liggur fyrir mikil þekking um nám og kennslu og sá þekkingargrunnur er sífellt að stækka. Það er einfaldlega miklu skilvirkara og hagkvæmara að fela nokkrum starfsmönnum háskóla að halda utan um þessa þekkingu og miðla henni með ráðgjöf, kennslu og annarri þjónustu heldur en að ætla þeim sem kenna að bæta því ofan á rannsóknir, kennslu og stjórnun". Þá setti David Way svar sitt einnig í samhengi við þróun, breytingar, gæðamál og samkeppni. Kennsluhættir og skólastarf eru að breytast og þróast á öllum skólastigum og samanburður og samkeppni milli skóla halda mönnum við efnið.

Ný og breytt tækni er einnig mikilvægur hvati að uppbyggingu innri þjónustu fyrir kennaralið. Það hefur sýnt sig hér sem annars staðar að til þess að kennarar geti sem best nýtt tæknina er mikilvægt að þeim standi til boða stuðningur í formi ráðgjafar, kennslu og beinnar aðstoðar. Oft er það svo að hagnýting nýrrar tækni eykur við vinnu fyrst í stað en er ekki vinnusparandi í fyrstu. Hjálp yfir þann hjalla getur skipt sköpum.

Hér í HÍ er hugsunin að baki kennslumiðstöð nákvæmlega sú sama og annars staðar. Starfsfólki miðstöðvarinnar er ætlað að afla þekkingar og upplýsinga og miðla til kennara, veita ráðgjöf og liðsinni í þróunarverkefnum. Auk þess annast miðstöðin ýmsa tækniþjónustu, t.d. við notendur fjarfundabúnaðar og þá kennara sem nota myndbandstækni til miðlunar. Þegar litið var um öxl að loknu háskólaárinu 2003-2004 kom í ljós að kennslumiðstöð hafði veitt þjónustu vegna fjarfunda í 12 námskeiðum, auk tilfallandi fjarfunda. Um 300 klst. af efni voru teknar upp á myndband og gerðar aðgengilegar á neti. Miðstöðin hélt 14 stutt tölvaámskeið, flest í samvinnu við Starfsmannasvið, tvö raddbeitingarnámskeið og námskeið um kennslufræðileg efni fyrir háskólakennara auk tveggja kennslutækninámskeiða í samvinnu við Endurmenntunarstofnun. Þá vann starfsfólk miðstöðvarinnar að undirbúningi og framkvæmd kennslumálaþings sem haldið var í upphafi

síðasta háskólaárs. Um 90 krossapróf voru skönnuð í miðstöðinni. Próftakar voru um 10.000 og spurningar nær 4000. Þá voru skannaðar tæplega 30.000 síður lesefnis til notkunar á tölvutæku formi, mest fyrir Námsráðgjöf en nokkur fjöldi kennara nýtti þessa þjónustu einnig. Kristbjörg Olsen, starfsmaður Kennslumiðstöðvar, hefur unnið að gerð leiðbeiningaefnis fyrir vefinn og á síðasta háskólaári komu út leiðbeiningar um Uglu, PowerPoint o.fl. Þessar leiðbeiningar eru í stöðugri þróun og endurskoðun.

Kennslumiðstöð tók þátt í nokkrum þróunarverkefnum á umræddu tímabili og var sú þátttaka frá því að vera lítilsháttar ráðgjöf upp í umtalsverða vinnu við efnisgerð, rannsóknir o.fl. Sitthvað fleira mætti telja svo sem þátttöku HÍ í samstarfsverkefnum milli háskóla, þátttöku í undirbúningi UT ráðstefnu

menntamálaráðuneytisins o.fl. Það sem við blasir þegar starfsemi kennslumiðstöðvarinnar hér er borin saman við sambærilegar miðstöðvar erlendis er að hér eru miklu fleiri járn í eldinum. Það er t.d. sjaldgæft að sama fólki sé að fást við námskeiðahald og ráðgjöf um kennsluþáttinn og tæknina. Algengara er að sitthvor miðstöðin annist þetta, önnur

tæknimál, hin kennslumál. Hér hefur kennslumiðstöð einnig skyldum að gegna varðandi fjarkennslu sem annars staðar er ráðstafað með öðrum hætti þótt skörun og samstarf milli aðila sé vissulega mikið. Þá er einnig mismunandi hvernig verkaskiptingu milli "reiknistofnana", bókasafna, námsráðgjafa o.fl. stoðsviða er háttað. Það er t.d. algengara að upplýsingatæknideildir annist grunnþjálfun í notkun tölvu og hugbúnaðar en kennslumiðstöðvar. Þær einblína yfirleitt á kennsluþáttinn í þessari tækninotkun.

Í samantekt má því segja að í samanburði við aðra háskóla virðast viðfangsefni okkar kennslumiðstöðvar vera miklu fjölbættari en almennt gerist. Það er því ekki án ástæðu að stjórn Kennslumiðstöðvar og starfsfólk hefur unnið að því að skerpa á áherslum í starfsemi, sem hefur verið að þróast þau rúmu 4 ár sem miðstöðin hefur starfað. Miðstöðin er rekin samkvæmt skýrum markmiðum um að veita mikilvæga þjónustu við þróun kennsluhátta. Leitast er við að haga starfsemi með þeim hætti að best nýtist á hverjum tíma. Áherslur geta ráðist af innleiðingu nýs búnaðar, þróunarverkefnum t.d. með styrk frá Kennslumálasjóði o.fl. Góðar ábendingar og óskir eru alltaf vel þegnar en frumkvæði kennara skiptir öllu máli í þróuninni og því er ávallt fagnað af starfsfólki og stjórn Kennslumiðstöðvar.



## Ánægðari nemendur – betri árangur „Hvernig fór námskeiðið fram áður en það var netvætt?“

Á haustmisseri 2003 voru gerðar nokkrar breytingar á inngangsnámskeiði um aðferðir og vinnubrögð í sagnfræði. Mjög ítarlegur vefur var smíðaður og á hann sett margvísleg kennslugögn. Nemendum utan höfuðborgarsvæðisins gafst kostur á að sitja námskeiðið þar sem kennslustundir voru ýmist í fjarfundum eða teknar upp á myndband og varpað út á net.

Sitthvað fróðlegt hefur komið á daginn í þessari vinnu sagnfræðikennara. Nemendur utan höfuðborgarsvæðisins hafa t.d. verið að ná ágætis árangri í námi sínu og námskeiðsvefurinn hefur mælst afar vel fyrir hjá öllum nemendum. Eggert Þór Bernharðsson, sem annaðist að mestu undirbúning breytinganna, segir flest benda til þess að nemendur séu bæði ánægðari með námskeiðið eftir breytinguna og nái auk þess meiri árangri nú en áður. Þessar ályktanir eru byggðar á kennslukönnun, árangri



Eggert Þór Bernharðsson

nemenda og sérstakri könnun sem gerð var undir lok námskeiðsins. Á heimasíðu Eggerts Þórs, [www.hi.is/~eggthor/ut2004/fjarkennsluerindi.htm](http://www.hi.is/~eggthor/ut2004/fjarkennsluerindi.htm), er hægt að

verkefni í erindi sem flutt var á ráðstefnunni UT-2004 í mars sl. Þar er breytingum á námskeiðinu lýst og fjallað um viðbrögð nemenda. Í niðurlagi erindisins segir Eggert Þór: „Ég tel að þessi fyrsta tilraun til allsherjarvefvaðingar námskeiðs í sagnfræði hafi í heildina tekist nokkuð vel þótt vissulega hafi hún ekki verið gallalaus. Þá er greinilegt að nemendur vilja að sem mest efni sé aðgengilegt á netinu enda margir í þeirra hópi afar tölvuvanir. Sumir áttu meira að segja „erfitt með að sjá fyrir [sér] hvernig námskeiðið fór fram áður en það var netvætt?“

Ekki þarf að fjölyrða um að vandaður undirbúningur sem fram fór sumarið 2003 kom að góðum notum þegar líða tók að hausti 2004 því grunnvefinn er hægt að nýta áfram. Bætt hefur verið við hann efni og þannig hefur þróun námskeiðsins á vefnum haldið áfram.

## Setið yfir prófi

**Próf hefst kl. 9.00. Nemendur, rúmlega 60 talsins, svara 30 krossaspurningum og hafa til þess eina klukkustund. Kl. 10.00 er próftöku lokið, einkunnir liggja fyrir, hafa verið birtar nemendum og auk þess færðar í einkunnaútreikning námskeiðsins með sínu hlutfallslega vægi til lokaeinkunnar.**

Getur framkvæmd krossaprófs gengið svona greiðlega fyrir sig? Svárið er jákvætt og það sem meira er - það er ekki einu sinni sérlega flókið mál. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, lagði í lok september fyrir krossapróf á netinu og notaði til þess It's Learning, hugbúnað sem nú er í prófun hjá HÍ, KHÍ og HA. Í grófum dráttum var framkvæmdin eins og lýst er hér að ofan.

Hugbúnaðurinn kemur að notum hvort sem prófað er í tölvuverum eða á netinu. Í þessu tilviki voru nemendur heima við eða á vinnustað en Gunnar Helgi sagði hverfandi líkur á að þeir hafi aðgang að fólki sem hefur vald á þessu námsefni, enda um meistaranema að ræða. Hægur vandi er að nota sömu lausnir í tölvuveri og tryggja þannig að nemendur hafi ekki aðgang að óleyfilegum upplýsingum meðan á próftöku stendur.



**Gunnar Helgi og Kristbjörg Olsen, starfsmaður kennslumiðstöðvar HÍ voru á vaktinni meðan á próftöku stóð. Lítilsháttar vandamál komu upp en þau voru leyst farsælllega.**

Hægur vandi er að nota sömu lausnir í tölvuveri og tryggja þannig að nemendur hafi ekki aðgang að óleyfilegum upplýsingum meðan á próftöku stendur.



# Vefstutt sjálfsnám í bókasafns- og upplýsingafræði Gegnum netið

Í sumar hafa Ásdís Káradóttir, stundakennari við Háskóla Íslands, og Ída Sigríður Kristjánsdóttir, nemi í bókasafns- og upplýsingafræði, unnið við að betrubæta og breyta fyrirkomulagi námskeiðsins Vinnulag í bókasafns- og upplýsingafræði. Með styrk frá Kennslumálasjóði Háskólans hefur námsefninu nú verið komið fyrir á vef og er nemendum ætlað að stunda vefstutt sjálfsnám í stað þess að sækja hefðbundna fyrirlestra og æfingatíma í tölvuveri. Í því felst að nemendur sækja námsefni, upplýsingar og verkefni á vinnulagsvefinn og hafa samskipti sín á milli og við kennara í tölvupósti og á spjallþráðum. Lögð var áhersla á hugvitsamlega notkun vefsins þótt tæknileg útfærsla sé einföld. Nú setjast

nemendur að uppskeru erfiðisins, veisluborði vandaðs námsefnis sem mun nýtast þeim til námsloka - ef ekki lengur. Höfundar efnisins, auk Ásdísar og Ídu, eru Ágústa Pálsdóttir, Birna Kolbrún Gísladóttir og Kristín Á. Ólafsdóttir.

## Hugmyndin

Fyrirmyndir að uppbyggingu vefefnisins má að einhverju leyti sækja til áþekkra þróunarverkefna Háskólans, svo sem námskeiðsins Aðferðir og vinnubrögð í sagnfræði, fjarnáms í ensku og Aðferðafræði 1 í félagsvísindadeild. Í námskeiðinu sem hér um ræðir er þó frekar stuðst við rafrænt kennsluefni, í stað þess að birta upptökur af fyrirlestrum, þ.e. skólastofan er ekki færð á netið heldur kennsluefnið. „Helstu nýjungar þessa verkefnis felast í tilbrigði við svokallaða

vefleiðangra,” segir Ásdís. „Í þeim eru nemendur leiddir í gegnum vefi, forrit og/eða leitarvélar og leiðbeiningar og viðeigandi upplýsingar tilreiddar á leiðinni. Í leiðongrunum eru jafnframt lögð fyrir skilaverkefni sem metin eru til einkunnar.

Síðar meir er hugmyndin að bæta við ýmsu ítarefni, t.d. talglærum.” Þess er vænst að þetta fyrirkomulag henti vel þar sem nemendur koma úr ólíkum áttum með mismunandi menntun og reynslu að baki eins og raunin er í þessu námskeiði. Við útfærslu á námskeiðinu fengu þær stóllur m.a. aðstoð frá starfsmönnum í upplýsingaþjónustu Landsbókasafnsins og leituðu til Guðrúnar

Geirsdóttur, lektors við uppeldis- og menntunarfræðiskor, um hugmyndir um námsáætlanagerð. Starfsfólk Kennslumiðstöðvar HÍ veitti þeim einnig ómældan stuðning og hvatningu, að sögn Ásdísar.

## Tæknilega hliðin

Að baki vefs sem þessa liggur mikil vinna. „Til þess að leggja út í verkefni af þessu tagi kemur sér vel að hafa grunnþekkingu í kennslutækni, skrifum, verkefnisstjórn og vefhönnun, til að nefna eitthvað,” segir Ásdís. Hún kóðar meira eða minna frá grunni en auðvitað eru til ágætis vefsíðugerðarforrit sem gott er að notast við.

Þær Ásdís og Ída skoðuðu mikið af efni, töluðu við ýmsa sérfræðinga og fengu álit fagfólks og kennara, auk þess að kynna sér hvað aðrir væru að gera í kennslu á vef, t.a.m. Matthew Whelpton, lektor í enskuskor. Tekin voru viðtöl við nemendur sem þegar höfðu setið námskeiðið til að kanna hver afstaða þeirra væri til þess. Í ljós kom að þeim þótti námskeiðið of ruglingslegt og slitrótt, enda námsefnið fjölbætt. Áhersla var því lögð á að hafa gott samræmi í uppsetningu kennsluáætlunar og stundaskrár, að sögn Ásdísar.

„Tilgangur verkefnisins var að endurskipuleggja og uppfæra námskeiðið, en nýta tiltækt námsefni. Það byggist á fjölmörgum smáatriðum og ýmsir sérfræðingar annast kynningar á mismunandi námsþáttum. Því var nauðsynlegt að raða þeim betur saman. Unnið er út frá kennsluáætlun og skipulagi síðasta árs en reynt að setja námsefnið í aðgengi-legra horf,” segir Ásdís. „Um tíma var spáð í að notast við nýtt og fullkomið kennslukerfi, t.d. It's learning, en þar sem tíminn var knappur ákváðum við að láta vinnulagsvefinn og Ugluna nægja. Það er heppilegt að nota vefkerfi Háskólans, þótt önnur kerfi



kunni að bjóða upp á fjölbreyttari möguleika fyrir vefkúrs sem þennan. Nemendur þurfa að læra á Uglu hvort eð er.”

### Námstilhögun og endurgjöf

Námskeiðið stendur yfir í átta vikur og er það engin breyting frá því sem áður var. Á síðunni eru sex verkefni sem leyst eru eitt af öðru og skilað vikulega, þá tekur við lokaverkefni sem nemendur hafa tvær vikur til að vinna. Þrátt fyrir að námið sé vefstutt er boðið upp á aðstoð og stuðning í tölvuveri og kynningar sérfræðinga á einstökum námshlutum sem fyrr, en tímasókn er frjáls. Auk þessa verður einn námsþáttur óbreyttur að mestu, en í honum felst að nemendur fá kennslu og þjálfun í að miðla í töluðu máli og halda kynningar eða fyrirlestra hver fyrir annan. Nemendur á haustmisseri 2004 eru þátttakendur í þessu kennslupróunarverkefni. Þeir reyna á sjálfum sér hvernig til hefur tekist og veita kennurum endurgjöf svo að endurskoða megi námsefnið og bæta, breyta og þróa áfram. Í því skyni hefur slíkt mat verið fellt inn í vikuleg heima- verkefni en í þeim eru nemendur beðnir að ígrunda verkefnið og vefinn. Markmiðið með því er tvíþætt: Það kemur að góðum notum við endurbætur á námskeiðinu auk þess sem það kennir nemendum gagnrýna hugsun og að mat þeirra skiptir máli.

### Bandamenn

Þótt námsefni vinnulagsnámskeiðsins verði að miklu leyti á netinu en ekki matreitt í hefðbundnum fyrirlestrum segir Ásdís að ekki sé þar með sagt að tengsl nemendahópsins verði veikari. Til að styrkja böndin var haldinn kynningarfundur í upphafi annar þar sem voru teknar myndir af nemendum og verður þeim komið fyrir á vefnum. Á fundinum fengu nemendur og kennarar einnig tækifæri til að spjalla saman, kynna sig og mynda bandalög. Tilgangurinn með því er að nemendur hafi einhvern til að styðja sig við í verkefnavinnu og öðrum hugsanlegum þáttum sem upp geta komið í nám-

skeiðinu. Að auki myndast þannig samkennd í hópnum. Svo er hvatt til samskipta við samnemendur og kennara í tölvupósti og á spjallþráðum í Uglu.

### Einstaklingsmiðað nám og framhaldslíf

„Vegna þess hve nýnemar hafa ólíkan bakgrunn og reynslu geta þeir með þessu móti lagt áherslu á námsefni mismunandi námskeiðshluta,” segir Ásdís, “farið hratt yfir það sem þeir þekkja fyrir en tekið sér góðan tíma í annað. Einhverjir kunna að vilja bæta námstæknina, meðan aðrir að æfa sig í fyrirlestrahaldi.” Stefnt er að því að vefurinn, eða arftaki hans, verði nemendum aðgengilegur áfram, a.m.k. á meðan þeir stunda nám við Háskólann. Þeir geti því rifjað upp námsefni eftir því sem ástæða er til, t.d. flett upp í dæmasafni um heimildaskráningu samkvæmt APA-staðlinum. Lögð hefur verið drjúg vinna í að gera námsefnið sem vandaðast og segist Ásdís því vilja að vinnulagsvefurinn sé nemendum áfram aðgengilegur. Vitaskuld verði að gæta að höfundarrétti og hugsanlegt að loka vefnum eða hlutum hans, en hún vilji gjarnan að vefurinn verði öllum opin.

### Hagkvæmni eða nýir tímar

„Það verða vonandi færri tölvuverstímar næsta haust, ef vefurinn stendur fyrir sínu, en vinnu við hann lýkur seint. Þetta er eins og hver önnur námsefnigerð en við hana bætist birting á netinu,” segir Ásdís. „Upplýsingar úreldast hratt og því þarf að fylgjast vel með, gæta þess að leiðbeiningar séu ávallt réttar og tenglar virkir. Svo er að vita hvort haldið verður áfram að þrjóna við síðuna og hún gerð yfirgrípsmeiri, hvort hún

verður einfölduð eða aðeins viðhaldið í því sem næst óbreyttri mynd. Margt á eftir að koma í ljós en forvitnilegt verður að vita hvernig vinnulagsvefurinn mælist fyrir hjá nemendum,” segir Ásdís að lokum.





## „Verðum seint sérfræðingar í kennslu allra háskólagreina”

Rætt við Guðrúnu Geirsdóttur, formann stjórnar Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands

Guðrún Geirsdóttir, lektor við Menntunarfræðiskor Félagsvísindadeildar og formaður stjórnar Kennslumiðstöðvar HÍ, á drjúgan þátt í því að miðstöðin var sett á laggir. Hún er eldlegur áhugamaður um kennslu og skólastarf og hefur reynslu af öllum skólastigum. Auk kennslu og starfa hjá Kennslumiðstöð vinnur Guðrún að doktorsrannsókn sinni þar sem skyggst er inn í hugarheim háskólakennarans. Guðrún ræðir nám, kennslu og þátt Kennslumiðstöðvar í þróun kennsluhátta í viðtalinu sem hér fer á eftir.

*Nú ætti Kennslumiðstöðin að vera komin langt með að slíta barnsskónum. Hvað finnst þér helst hafa áunnist?*

Ég er nú komin á þann aldur að mér finnst allt hafa gerst bara í gær og eiginlega ótrúlegt að Kennslumiðstöðin sé orðin 5 ára. Kennslumiðstöð varð til í kjölfar umræðu og samvinnu áhugasamra starfsmanna Háskólans sem höfðu trú á að hægt væri að styðja betur við kennsluhætti í skólanum og koma þannig til móts við þarfir fleiri nemenda og kennara. Og þessi trú blífur enn.

Við erum fá og smá hér í Kennslumiðstöð en samt þegar ég lít yfir farinn veg finnst mér heilmikið hafa áunnist. Það sem kannski skiptir mestu máli er að Kennslumiðstöð er að festa sig í sessi sem eðlilegur þáttur háskólasamfélagsins. Starfsmenn Háskólans vita orðið af miðstöðinni, þekkja hlutverk hennar og eru margir hverjir tilbúnir að nýta þá þjónustu sem við getum boðið. Kennarar hugsa orðið til okkar þegar þeir lenda í vanda vegna ýmissa verkefna tengdum námi og kennslu eða þegar þeir telja sig þurfa á sérþekkingu og ráðgjöf að halda - og það er jú markmiðið.

*Nú hefur starfsemi miðstöðvarinnar verið að mótast og breyst. Markmið eru e.t.v. hin sömu en hafa leiðir breyst?*

Já, við höfum líka sjálf lært heilmikið á þessum 5 árum og starfsemi okkar mótast af því. Við erum að átta okkur æ betur á því að þróunarstarf á sviði náms og kennslu verður alltaf fyrst og fremst borið uppi af kennurum og starfsmönnum ólíkra háskólagreina og deilda. Aðeins þannig er hægt að taka mið af sérstöðu greina og aðstæðum sem taldar eru skipta máli í námi og kennslu þar.

Okkar hlutverk verður fyrst og fremst að styðja við slíkt þróunarstarf, veita ráðgjöf og miðla þeirri þekkingu sem við höfum aðgang að eða vitum að er til einhvers staðar. Mín framtíðarsýn er sú að allar deildir setji á laggirnar einhvers konar kennslustjórnir eða nefndir sem hafi það hlutverk að fylgjast með nýjungum á sviði kennslu sinna háskólagreina, fylgist með námi og kennslu innan deilda og geti leitt þróunarstarf á því sviði, auðvitað í samstarfi við okkur í Kennslumiðstöð.

Okkur hefur tekist vel að fylgjast með nýjungum, bæði hvað varðar hugmyndir um nýja miðla og tækni svo og leiðir í námi og kennslu en við verðum víst seint sérfræðingar í kennslu allra háskólagreina.

*Hver er staða Háskólans í kennslumálum?*

Því miður er ekki til mikið af upplýsingum eða rannsóknum á kennsluháttum við Háskólann og yfirleitt eru háskólakennarar ekki að ræða sína kennslu opinberlega. En ég er óttalega leið á gömlu þrástefi um að háskóla-

kennarar séu slæmir kennarar og kunni lítt til verka. Það er vissulega satt og rétt að fæstir háskólakennarar hafa lært formlega kennslufræði og eflaust fer þeim skipulag náms og kennslu misvel úr hendi. En í starfi mínu með kennurum hér við Háskólann hitti ég fyrir fjölda kennara sem hafa áhuga á kennslu, telja hana mikilvægan hluta starfs síns og leggja metnað í að sinna henni vel. Við í Kennslumiðstöð höfum haft verulegt gagn og gaman af samstarfi við kennara sem eru óragir að leita nýrra leiða við að skipuleggja nám og kennslu til að ná til fleiri nemenda og nýrra nemendahópa. Slíkir kennarar eru frumkvöðlar sem Háskólinn þarf að hlúa sem best að.

Nú í haust höfum við haft nóg að gera í námskeiðahaldi og sýnir þátttaka kennara glögglega áhuga þeirra á kennslu og endurspeglar kannski líka þær breytingar sem eru að verða á háskólakennslu. Háskólinn er að breytast, nemendum fjölgar mikið og áherslur í námi á vissan hátt nýjar t.d. í kjölfar vaxandi framhaldsnáms. Þetta eru aðstæður sem kalla á breytta kennsluhætti. Mörgum kennurum finnst að þeir þurfi að endurskipuleggja kennslu sína með tilliti til stórra nemendahópa enda var vel mætt á slík námskeið hjá okkur í byrjun annar. Í haust buðum við líka í fyrsta sinn upp á námskeið fyrir aðstoðarkennara. Þar mættu háskólanemar sem eru í vaxandi mæli að axla ábyrgð á



Kladdinn þarf að vera alveg á hreinu. Guðrún Geirsdóttir ásamt aðstoðarkennurum sem sóttu námskeið við byrjun haustmisseris.

kennslu. Þetta er starfsfólk sem er Háskólanum mikilvægt og við þurfum að styðja og hlúa að.

Það er vaxandi áhugi á kennslufræðilegum námskeiðum meðal kennara og það finnst mér sýna bæði faglega ábyrgð kennara á kennslu svo og almennari áhuga á gæðum náms og kennslu. Við höfum fengið margar áhugverðar beiðnir um námskeið s.s. kennslu í hvernig best er að bera sig að við gerða krossaprófa og hvernig er farsælt að hafa leiðsögn við nemendur við ritun rannsóknarverkefna. Auðviðað má setja spurningamerki við mátt stuttra námskeiða til að

breyta kennsluháttum en ég held að þau séu vissulega vel til þess fallin að vekja umræðu og kveikja áhuga og benda kennurum á þá þjónustu sem þeim stendur til boða í Kennslumiðstöð og þeir eiga rétt á. Við getum líka boðið áframhaldandi stuðning, aflað upplýsinga og komið á tengslum. Þjónustunni og samstarfinu er ekki lokið þótt námskeið sé búið.

*Framtíðarþróun Kennslumiðstöðvar? Hvað er framundan?*

Ja nú er erfitt að spá. En við eigum vonandi eftir að vaxa og dafna. Verk-

efnin eru svo ótal mörg. Háskólamenn eru sífellt að verða sér betur meðvitaðir um gæði náms og kennslu. Stærri og sundurleitari nemendahópur, fjölbreyttara námsframboð, vaxandi framahaldsnám og innleiðing nýrrar upplýsinga- og kennslutækni eru þættir sem eru komnir til að vera og við þurfum að takast á við á skynsamlegan máta. Við í Kennslumiðstöð höfum talið það fyrst og fremst hlutverk okkar að leita fjölbreyttra leiða til að styðja sem best við þróun kennsluhátta við Háskólann - og við höldum ótraud áfram þeirri leit.

## HÍ, KHÍ og HA vinna saman að prófun námsumhverfis

Á yfirstandandi skólaári vinna Háskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri saman að prófun norsks kennslukerfis – eða námsumhverfis á neti. Kerfið heitir It's Learning og nýtur það mikilla vinsælda í Skandinavíu og víðar. Hver skóli hefur leyfi fyrir um 330 notendur sem þýðir að hægt er að nota kerfið í námskeiðum með samanlagt rúmlega 300 nemendum. Hér í HÍ hefur leyfunum verið ráðstafað til námskeiða í ensku, kennslufræði og stjórnmálafræði.

Meðal þeirra kennara við Kennaraháskóla Íslands sem hefur verið að skoða It's Learning er Sólveig Jakobsdóttir, dósent í fjarkennslufræðum. Hún segir kerfið hafa ýmsa kosti en vissulega einnig galla. „Það er að mörgu leyti mjög þjálmt. Mjög auðvelt er að raða saman mörgum mismunandi þáttum og að hafa yfirsýn yfir allt saman. Einnig er mikill kostur að nemendur geti búið sér til eigin verkefnasvæði - utan við námskeið. Mér finnst líklegt að þetta námsumhverfi geti hjálpað til að auka fjölbreytni í kennsluháttum.“

Meðal þess sem Sólveig telur að megi betur fara í kerfinu eru útfærslur á umræðuþráðum og rauntímaspjalli auk þess sem þýða þyrfti viðmótið og laga að íslensku máli. Hún undirstrikar einnig að við val á kerfi sem þessu þurfi að vanda

til verks. Möguleikarnir eru margir og m.a. þyrfti að skoða gaumgæfilega hvort ókeypis lausnir, svokallaður “open source” hugbúnaður, gæti komið í stað kerfa á borð við It's Learning.

**Myndir: Vinnustofa It's Learning notenda í KHÍ í ágúst. Sólveig Jakobsdóttir, dósent við KHÍ og Kolbrún Hlín Hlööversdóttir starfsmaður Kennslumiðstöðvar HÍ til hægri og á neðri myndinni eru þeir Þorvaldur Pálmason og Karl Jeppesen frá KHÍ og Grettir Sigurjónsson, tækniamaður við Kennslumiðstöð HÍ.**



## Hámarksþjónusta með lágmarksfyrirhöfn

Þegar kennslustund hjá Matthew Whelpton lýkur er nánast mínútopsmál hvenær hún birtist á netinu. Nemendur geta þá horft á fyrirlesturinn, með fyrirlesarann í einum glugga og glæruefni í öðrum. Þeir geta svo hlaupið fram og til baka í efninu með því að smella á titla glæranna sem birtast í lista við hlið þeirra. Allar tímasetningar eins og glæruskiptingar og hreyfingar í skýringarefni glæranna er samhæft við mál kennarans. Þannig fær t.d. fjarnemi andrúmsloft kennslustofunnar upp á skjáinn sinn auk upplýsinganna sem settar eru fram á glærunum.

Matthew tekur kennsluna ekki upp á myndband heldur beint á tölvuna. Hugbúnaðurinn Microsoft Producer sér um að samræma glæsur og kvikmynd og gera skránar klárar til útgáfu. Þegar tíminn er úti vistar Matthew skránar á tölvu hjá Kennslumiðstöð en hún sér um lokafrágang og útgáfu á Windows Media þjón hjá Reiknistofnun.

En hver eru markmiðin með þessu? Í fyrsta lagi opna þessi vinnubrögð nýja möguleika í fjarkennslu og auka verulega sveigjanleika allra nemenda sem hafa aðgang að þessu efni auk þess sem það er aðgengilegt til upprifunar. Tíminn á svo eftir að leiða í ljós hvort svona efni geti dregið úr þörf fyrir fyrirlestrarhald svo nýta megi tímann í kennslustofunni í aðra vinnu.

Matthew hefur lengi verið afar áhugasamur um upplýsingatæknina þótt hans sérsvið sé allsendis óskýlt, nefnilega málvísindi. Hann telur mikla möguleika og mörg tækifæri felast í tækninni og þeirri þróun sem henni fylgir.

“Ég tel mikilvægast að átta sig á því að í fjarkennslu og tækni felast tækifæri fyrir alla nemendur. Þegar Enskuskor tók að skoða fjarkennslu af alvöru, árið '02, hafði



Íslenskuskor lagt grunninn innan deildarinnar en þá var skilningur fólks sá að staðkennsla og fjarkennsla væru tveir aðskildir og ólíkir hlutir. Fjarkennsla var mjög tengd rauntímasamskiptum í hugum fólks enda mikið notast við fjarfundabúnað. Mín tilfinning var hins vegar sú að þetta væri ekki það mikilvægasta og mér fannst reyndar ekki auðvelt að hugsa um fjar- og staðkennslu sem eitthvað aðskilið, sem eðlisólík fyrirbæri, einkum í ljósi þess hvernig tæknin hefur verið að þróast. Mér sýndist þróunin gera okkur kleift að umgangast fjarnema og staðnema sem einn og sama hópinn og allir myndu hafa gagn af þeim tæknilausnum sem á boðstólum eru - staðnema ekki síður en fjarnema. Munurinn er sá að fjarnemi reiðir sig fyrst og fremst á efnið sem t.d. er afhent yfir net en síður á tímasókn en í tilviki staðnema snýst dæmið við. Microsoft Producer er góð lausn í þessu efni en okkur vantar enn vefumhverfi sem getur samþætt efnið í



### Nýr fræðslustjóri Kennslumiðstöðvar HÍ

Harpa Pálmadóttir hefur verið ráðinn fræðslustjóri Kennslumiðstöðvar og hóf hún störf þann 1. febrúar síðastliðinn. Harpa hefur nýlengi meistaránámi í þverfaglegri upplýsingatækniþróun frá IT-Universitetet í Kaupmannahöfn, með aðaláherslu á fjarkennslu og dreifnám. Þar áður starfaði hún sem grunnskólakennari í Reykjavík. Harpa tekur við af Steinþóri Þórðarsyni, sem nú hefur tekið til starfa sem fræðslustjóri Alcoa.

“netskóla” (virtual Campus) þar sem allir nemendur, bæði þeir á staðnum og fjarnemarnir geta haft samskipti - myndað námssamfélag. Við erum því að skoða lausnir á þessu, í því skyni að nota netið til að byggja námssamfélag fyrir alla okkar nemendur.”